


KJARATÖLFRÆÐI

Vorskýrsla 2022



KJARATÖLFRÆÐI

Vorskýrsla 2022

Kjaratölfræðinefnd

Nefndarmenn:

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir,
formaður

Bjarnheiður Gautadóttir,
f.h. félags-og vinnumarkaðsráðherra

Hannes G. Sigurðsson,
Samtök atvinnulífsins

Helgi Aðalsteinsson,
Samband íslenskra sveitarfélaga

Henný Hinz,
forsætisráðuneyti

Hrafnhildur Arnkelsdóttir,
Hagstofa Íslands

Oddur S. Jakobsson,
Kennarasamband Íslands

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
BSRB

Stefanía Sigríður Bjarnadóttir,
fjármála- og efnahagsráðuneyti

Vilhjálmur Hilmarsson,
Bandalag háskólamanna

Þórir Gunnarsson,
Alþýðusamband Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Efnahagsmál	
1.1 Þróun landsframleiðslunnar á samningstímabilinu	6
1.1.1 Efnahagsbati í kjölfar heimsfaraldurs	7
1.2 Staða á vinnumarkaði	10
1.3 Fjárhagsstaða heimila og kaupmáttarþróun	12
1.3.1 Þróun kaupmáttar á tveimur kjarasamningstímabilum	13
1.3.2 Verðbólga og verðbólguvæntingar	14
1.3.3 Meðaltekjur eftir skatt – alþjóðlegur samanburður	16
1.4 Staða og afkoma hins opinbera	17
1.5 Staða atvinnugreina og samkeppnishæfni	18
1.5.1 Launahlutfall og framleiðni	19
1.5.2 Launakostnaður á unna stund árið 2021 – alþjóðlegur samanburður	21
2 Kjarasamningar	
Kjarasamningar í lotunni til maíloka 2022	24
3 Laun og launþróun	
3.1.1 Launavísitala Hagstofunnar	27
3.1.2 Vísitala grunntímakaups	28
3.1.3 Vægi markaða og heildarsamtaka	29
3.1.4 Kaupmáttur launa	30
3.2 Hækkun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga	31
3.3 Laun eftir mörkuðum og heildarsamtökum	34
3.4 Samsetning launa	38
4 Laun eftir heildarsamtökum	40
5 Laun karla og kvenna	
5.1 Þróun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga hjá körlum og konum frá mars 2019 til janúar 2022	45
5.2 Regluleg laun karla og kvenna 2021	48
5.3 Heildarlaun karla og kvenna 2021	48
Viðauki 1: Gögn um laun og launþróun	61
Viðauki 2: Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka	63
Viðauki 3: Breytingar á launum 2006-2021	65

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Markmið nefndarinnar er að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og skal leggja til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa.

Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti, og er þetta fjórða skýrsla nefndarinnar. Skýrslan skiptist í fjóra meginkafla sem fjalla um kjarasamninga gerða í yfirstandandi kjaralotu, efnahagsmál og launaþróun sem flokkuð er eftir heildarsamtökum launafólks og atvinnurekendum og samanburð á launum karla og kvenna. Í umfjölluninni er áherslan á þá kjaralotu sem senn er að ljúka, þ.e. tímabilið frá upphafi samningstímabilsins apríl 2019 til janúar 2022.

Í lok maí 2022 höfðu 326 kjarasamningar verið endurnýjaðir af 126 stéttarfélögum í yfirstandandi kjaralotu og voru 172 þúsund félagsmenn á kjörskrá í atkvæðagreiðslum.

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað mjög gott samstarf við undirbúning skýrslunnar og ber helst að nefna Margréti Kristínu Indriðadóttur, deildarstjóra hjá Hagstofu Íslands og Önnu Sigríði Halldórsdóttur fagstjóra. Nefndin þakkar Karítas Marý Bjarnadóttur og Hönnu Lind Garðarsdóttur fyrir ritun fundargerða og Ara Skúlasyni og nefndarmönnum Vilhjálmi Hilmarssyni og Þóri Gunnarssyni fyrir vinnu við ritun skýrslu. Loks er Magnúsi Vali Pálssyni þakkað fyrir vinnuvið umbrot skýrslunnar.